

Mánudaginn 13.ágúst 2012 kom fjallskilastjórn Miðfirðinga saman til fundar að Staðarbakka.

Fyrir var tekið: Niðurjöfnun fjallskila.

Ákveðið að farið verði í göngur fimmtudaginn 6.sept. og réttað laugardaginn 8.sept. Stóðrétt hefjist kl.9:00 árdegis þann dag og sauðfé verði réttað þegar það kemur til réttar.

Heimalandasmölun ákveðin laugardaginn 29.sept og skilarétt sunnudaginn 30.sept kl.14:00.

Rætt um mat á fjallskilum og ákveðið að hækka þau um 6%.

Verð á klst. í eftirleitum ákveðið kr. 1900.

Rætt um viðhald Miðfjarðarréttar og haft samband við Árna Jón til að athuga með efni til að bera á steinsteypuna. Einnig rætt um kaup á timbri til viðhalds dilka, Ara Guðmundi falið að sjá um það.

Hauki Stefánssyni falið að yfirfara safngirðingar

Fleira ekki tekið fyrir.

Rafn Benediktsson(sign)

Ari Guðmundur Guðmundsson(sign)

Ólöf Þorsteinsdóttir(sign).